



1192. stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 18. júní 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Anna Þóra Ísfold, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Kjartan Broddi Bragason og Ólafur Ásgeirsson frá IFS Greiningu.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1191. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1191. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla um verðlagningu fasteignalána

Ragnar Þór kynnti nú gesti fundarins, þá Kjartan Brodda Bragason og Ólafur Ásgeirsson frá IFS Greiningu. Þeir lögðu fram skjalið „*Samantekt fyrir VR – Minnisblað – Stutt yfirlit um fasteignalán*“ dags. júní 2019.

Í máli þeirra koma m.a. fram að upphaflega hafi þetta átt að vera örstutt minnisblað en það hafi vaxið nokkuð við vinnslu. Þeir lögðu mikla áherslu á það að í þessu skjali væru engar ályktanir dregnar, enginn dómur felldur um það „afhverju“ vextir hafi farið upp eða niður á tímabilum. Þetta er ekki „álit“ þeirra heldur er hér aðeins lýst því sem hefur gerst og hvernig málum er háttað.

Fóru þeir að svo búnu yfir efni skjalsins m.a. á slæðum.

Fyrst skýrðu þeir grunnhugtök s.s. um vexti og þróun þeirra, hvernig vextir eru í raun ekki annað en leigugjald á peningum og að þeir séu ýmist fastir eða breytilegir. Þá lýstu þeir vaxtaferli ofl.

Einnig kom fram að vextir hafi farið lækkandi á síðustu áratugum frá um 1980 og svo rækilega að sem dæmi eru þýskir vextir komnir í mínustölu en t.d. bandarískir vextir séu um 2% og hafi lækkað hratt undanfarið. Í þessum efnum hafi Ísland yfirleitt verið nokkuð á eftir öðrum löndum en þess megi geta að verðbólguhræðsla varð til þess að hérlendis skapaðist verðtryggingarkerfi.



Næst fóru þeir yfir fyrirkomulag íbúðalána og báru saman kerfin í Danmörku og á Íslandi.

Harpa mætir hér til fundar kl. 17:50

Næst lýstu þeir þróun vaxta á íbúðalánnum lífeyrissjóða, fyrst óverðtryggðum og svo verðtryggðum.

Umræður.

Næst skýrðu þeir frá þróun vaxta á íbúðalánnum banka, fyrst óverðtryggðum og svo verðtryggðum.

Umræður.

Að lokum sögðu þeir að þróun breytilegra vaxta á íbúðamarkaði hafi á síðustu árum fylgt skilgreindum markaðsvöxtum nokkuð vel. Þeir hafi lækkað tiltölulega mikið og hefur það endurspeglast í vaxtakjörum breytilegra lána og þá með lægri greiðslubyrði lántakenda. Hins vegar hafi lán með föstum vöxtum til lengri tíma ekki fylgt þessari þróun. Þá sögðu þeir að í Danmörku væru mun fjölbreyttari lánamöguleikar í boði fyrir neytendur heldur en hér á landi og meiri samkeppni þar á lánamarkaði heldur en á Íslandi.

Að lokinni þessari yfirferð þakkaði Ragnar Þór þeim Kjartani Brodda og Ólafi fyrir þeirra skýrslu og yfirferð og viku gestirnir af fundi kl. 18:22.

3. Ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um hækkun á vöxtum á lánum til sjóðsfélaga

Ragnar Þór sagði frá því að hann hefði fengið mjög sterk viðbrögð frá félagsmönnum vegna ákvörðunar stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um hækkun á vöxtum verðtryggðra sjóðfélagalána þann 24. maí sl. Fólk sé undrandi á þessu í ljósi þeirrar miklu áherslu sem við lögðum á vaxtalækkanir í lífskjarasamningnum. Hann hafði samband við formann sjóðsstjórnar og bað hann um skýringar fyrir stjórn VR og þau rök sem væru þarna að baki og hvernig þetta ætti að ríma við nýgerðan kjarasamning. Svör komu að einhverju leyti frá starfsmanni sjóðsins á mbl.is og frá stjórnarformanni, Ólafi Reimari Gunnarssyni, í tölvupósti.

Gaf hann nú Ólafi Reimari orðið.

Í máli Ólafs Reimars kom m.a. fram að það sem þrýsti á um að breyta viðmiðum um vaxtakjör á breytilegum verðtryggðum lánum hafi verið vegna þess að lítið var orðið um viðskipti með viðmiðunarbréfin. Þetta var fyrst skoðað árið 2018 og þá orðið ljóst að þyrfti að breyta viðmiði og hækka vexti. Sumir stjórnarmanna hafi viljað framkvæma það strax árið 2018 en aðrir viljað hinkra.



Þessir vextir voru orðnir of lágir en Ólafur lagði áherslu á að þetta væru breytilegir vextir og geta því breyst hratt. Honum finnst það mjög hart að heyra að þetta sé talið vinna gegn kjarasamningunum og sérstaklega í ljósi þess að líklegt sé að óverðtryggðir vextir muni lækka á vaxtadeginum nú 15. júlí nk.

Að hans mati útskýrði greinargerð hans málið um afhverju þurfti að fara í þessar aðgerðir en viðurkennir að tímasetning ákvörðunar hafi verið óheppileg en aðgerðin hafi verið nauðsynleg.

Umræður.

Ragnar Þór sagði að álagning hafi verið að aukast og viðmið að breytast. Finnst honum þau rök sem hafi verið sett fram ekki halda og ekki í takti við það sem kallað hefur verið eftir og vinni gegn kjarasamningunum og ályktun þings ASÍ. Þetta sé sem blaut tuska í andlit stjórnar VR sem skipar helming í stjórn Lífeyrissjóðsins. Við getum ekki sagt þeim til verka en hann er með tillögu að samþykkt um þetta mál og stillti hann þeirri tillögu upp á slæðum og las í heild. Tillaga Ragnars Þórs að samþykkt er eftirfarandi:

„Samþykkt stjórnar VR

Samþykkt stjórnar VR vegna hækkunar á vöxtum á sjóðfélagalánum hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Eitt meginmarkmið nýgerðra kjarasamninga VR er að stuðla að vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimilanna. Það var m.a. þess vegna sem samningarnir fengu viðurnefnið lífskjarasamningar því margt fleira er í spilunum en bara launahækkunar þegar kemur að bættum lífskjörum almennings.

Engum hefur dulist að ákvæði um vaxtalækkun var eitt mikilvægasta atriði kjarasamninganna og eldaði verkalýðshreyfingin grátt silfur við forystu Seðlabanka Íslands bæði fyrir og eftir samningagerð þannig að öllum ætti að vera ljóst hin gríðarlega mikla áhersla sem við höfum lagt á þetta samningsatriði.

Það kom því eins og þruma úr heiðskýru lofti þegar stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE), sem skipuð er til helminga af fulltrúum VR tilkynnir þann 24. maí sl. að breytilegir vextir verðtryggðra sjóðfélagalána, sem eru nú 2,06% hækki í 2,26% frá og með 1. ágúst 2019. Ekki aðeins er tímasetning þessarar ákvörðunar algjörlega óskiljanleg í ljósi þess að blekið á undirskriftum okkar á kjarasamningi er vart þornað heldur hitt að þessi ákvörðun virðist lýsa algjörri skilningsleysi á þeirri miklu áherslu sem verkalýðshreyfingin lagði á vaxtalækkun í mjög erfiðum kjarasamningaviðræðum.



Höfuðið er svo bitið af skömminni með þeirri ákvörðun stjórnar LIVE að hætta með opið og gagnsætt ákvörðunarferli þessara vaxtabreytinga og að ákvarðanir um vaxtabreytingar verði í framtíðinni einfaldlega ákveðin í lokuðu stjórnarherbergi. Þetta er gegn samþykkt á síðasta þingi Alþýðusambands Íslands þar sem sagði að almenningur ætti að fá að njóta með beinum hætti lækkunar vaxta á skuldabréfamarkaði. Þetta er afturhvarf til stjórnarháttá sem við hreinlega héldum að væri komið út úr myndinni. En svo er greinilega ekki.

Stjórn VR telur að ekki sé hægt að líta á þennan gjörning stjórnar lífeyrissjóðsins nema sem algjöran trúnaðarbræst við félagið, stefnu þess og nýgerðan lífskjarasamning og leggur því til að haldinn verði fundur í fulltrúaráði VR hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna þar sem lögð verði fram tillaga að afturkalla umboð stjórnarmanna VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og ný stjórn skipuð til bráðabirgða.

Stjórn VR
18.06. 2019“

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór ofangreinda tillögu sína upp til samþykktar.

13 samþykkir, 1 á móti og 1 situr hjá sem er Ólafur Reimar Gunnarsson og biður hann um að það sé fært til bókar.

Tillagan er því samþykkt.

Ragnar Þór sagði að í ljósi þessarar samþykktar muni hann boða fulltrúaráð VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna til fundar í hádeginu á fimmtudag.

4. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá nýgerðum sérkjarasamningi VR vegna Flugfélags Íslands (FÍ). Tók nú Stefán til máls og lagði fram skjalið „Sérkjarasamningur Flugfélags Íslands“, dags. 12. júní 2019, og fór yfir samningsatriðin á slæðum. Kom m.a. fram að þessi samningur gildi á öllum flugafgreiðslustöðum FÍ og að allar kauphækkningar og vinnutímastyttingar sem samið var um í aðalkjarasamningnum gildi hér einnig. Aðeins eru aðrar tímasetningar ofl. er snýr sérstaklega að FÍ. Þessi samningur þarfnast staðfestingar stjórnar VR um að hann sé settur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VR starfandi hjá FÍ.

Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ragnar Þór sagði að verið væri að fylgja eftir umsömdum málum eins og t.d. er varði húsnæðismálin. Unnið sé að því að stilla upp tillögum til að leggja fyrir stjórnvöld t.d. er varðar stuðning við fyrstu kaupendur húsnæðis. Einnig sé unnið að löggjöf til að verja leigjendur og sé Magnús Norðdahl lögmaður í þeirri nefnd.

Þá sagði Ragnar Þór frá því að í dag átti að vera fundur um breytt þjóðhagsráð. En uppi séu áhyggjur um að hér sé einhver vísir að því að skerða samningsrétt og fengum við skjöl um málið seint í gær og engin umræða farið fram um málið. Því var fundi frestað og verður þetta tekið fyrir í Miðstjórn ASÍ á morgun.

Umræður.

Hér óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna til að framlengja fundi til kl. 21:00.

Samþykkt.

5. Þriggja mánaða uppgjör VR

Stefán lagði fram skjalið „VR – samstæða – Árshlutareikningur – janúar til mars 2019“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að inni í þessar tölur væri ekki enn komnar tölur frá Verslunarmannafélagi Suðurnesja (VS) en fjölgun félagsmanna VR er á tímabilinu 2% en væri 5,6% ef taldir væru með félagar VS sem sameinuðust okkur. Félagsmenn VR eru nú orðnir 35.471 talsins.

Þá kom fram að símtölum hafi á tímabilinu fækkað um 4,2% en heimsóknum á vr.is hafi á móti fjölgað um 3% og fjöldi félagsmanna sem nota Mínar síður hefur fjölgað um 20,1%. Á móti hafi póstum á vr@vr.is fækkað um 18,1%. Af öðrum eftirtektarverðum atriðum má nefna að málum hjá VIRK hefur fjölgað um 50,6% og styrkjum úr starfsmenntasjóði fjölgað um 14,6%. Það sem verra sé er að sjúkradagpeningagreiddslur úr Sjúkrasjóði VR aukast um 25,1%.

Tekjur voru á tímabilinu 1 milljarður og gjöld sömuleiðis en eignir VR eru nú 13,5 milljarðar króna sem er 8,6% hækkun.

Þá fór Stefán yfir tölur á hvern félagsmann reiknaðar á ársgrundvelli, sagði frá rekstrartekjum og rekstrargjöldum og rakti þar einstaka liði en hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 597,5 milljónir króna.

Umræður.

6. Erindi frá félagsmönnum vegna aðildar þeirra að Birtu lífeyrissjóði

Stefán lagði fram skjalið „Minnisblað um aðild félagsmanna VR að Birtu lífeyrissjóði“ dags. 21. maí 2019 og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að tilefnið væri að tveir félagsmenn VR hafi leitað til VR vegna aðildarskyldu þeirra að lífeyrissjóðnum Birtu en einnig telja þeir að stjórnarkjör í lífeyrissjóðnum Birtu hafi ekki farið rétt fram.

Þá kom fram sú fullyrðing að Ragnar Þór formaður VR væri vanhæfur til að fjalla um þetta mál en hann sagði það vera rangt og gerðu stjórnarmenn ekki athugasemd við það.

Stefán útskýði nú að málið sé að félagsmenn VR hjá gömlu aðildarfyrirtækjum Sambands Íslenskra samvinnufélaga (SÍS) eiga aðild að Birtu lífeyrissjóði samkvæmt kjarasamningi frá árinu 1969 en eins og kunnugt er liðaðist SÍS í sundur og var skipt upp í nokkur félög árið 1990. Upphaflega greiddu þessir félagsmenn sem var deild samvinnustarfsmanna innan VR til Lífeyrissjóðs SÍS sem síðar breytist í Samvinnulífeyrissjóðinn. Hann sameinaðist síðan inn í lífeyrissjóðinn Stafir árið 2006 sem síðan sameinaðist inn í Lífeyrissjóðinn Birtu árið 2016. Alla tíð hafa félagsmenn VR hjá fyrirtækjum sem voru tengd SÍS sem eru Samskip og N1 greitt iðgjöld til Birtu lífeyrissjóðs en ekki til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE) eins og aðrir félagsmenn VR.

Stefán rakti nú næst þessa sögu og ágreining sem verið hefur um málið en ekki er ljóst hvort það er almennur vilji starfsmanna þessara fyrirtækja að greiða í annan lífeyrissjóð því einu upplýsingarnar sem við höfum eru að tveir starfsmenn Samskipa segja, að Birta segir að þeir eigi að greiða þangað en starfsmannahaldið hjá Samskipum segir að starfsmenn geti ráðið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða. Auðvitað sé þetta allt mjög sérstakt þar sem þessi félög eru ekki lengur í neinum tengslum við samvinnuhreyfinguna.

Stefán rakti nú hvernig er háttað samanburði ávöxtunar milli sjóðanna og önnur rekstrarlega atriði í samanburði svo sem tryggingafræðilega stöðu, val stjórna ofl. sem bent hafði verið á og þeir félagar eru mjög ósáttir með.

Stefán sagði það sína niðurstöðu að þeir væru ekki að verða fyrir skerðingu réttinda með því að greiða til Birtu fremur en LIVE. Það sé lítið sem við getum í raun gert en þetta er hér með upplýst.

Ragnar Þór óskaði hér eftir því að fundur sé framlengdur til kl. 21:15 Samþykkt.

Umræður.

Ragnar Þór lagði til að frestað væri frekari umfjöllun um málið.

Fundi er slitið kl. 21:17, Árni Leósson, fundarritari